



Alþingi
Erindi nr. P 142/181
komudagur 23.9.2013

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík: 23.09.2013
Tilvísun: 201309-0015

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um frestun á innheimtuaðgerðum og nauðungarsölum,
12. mál.**

Alþýðusambands Íslands styður þau megin sjónarmið sem fram koma í tillögu þessari. Þar til boðaðar aðgerðir ríkisstjórnarinnar um lækkun skulda koma til framkvæmda ríkir mikil óvissa um réttarstöðu þeirra sem eru í vanskilum með skuldir vegna öflunar íbúðarhúsnæðis. Boðaðar aðgerðir geta haft afdrifarík áhrif á gang þeirra innheimtumála sem nú eru rekin og mikilvægt að hagsmunum þess hóps sem vænta má leiðréttingar á stöðu sinni sé ekki raskað á þeim stutta tíma sem boðað er að líða muni þar til aðgerðir ríkisstjórnarinnar koma til framkvæmda.

Virðingarfyllst,

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ.